



Veiða og sleppa – eða sleppa því að veiða?

Á hverju vori þarf stjórn Ármanna að rukka hóp félagsmanna og minna þá á að greiða árgjöldin sín. Hefð er fyrir miklu langlundar-geði stjórnar í þessum málum, menn minntir kurteislega á skuld sína og spurðir hvort þeir hafi nokkuð gleymt sér yfir hnýtingum eða þungum þönkum yfir sumri komandi. Margir bregðast hratt við og greiða strax, aðrir eru seinni til, sumir borga ekki og segja sig úr félaginu. Eitt slíkt símtal fékk undirritaður í fyrra þar sem viðkomandi félagsmaður þakkaði samfylgdina en taldi sig ekki lengur eiga samleið með stangveiðifélagi sem stæði fyrir og hvatti menn til að veiða og sleppa! Ég kváði og útskýrði fyrir honum að þetta væri nú ekki raunin. Ekki stæði þessi stjórn fyrir þeim boðskap og ekki væru ákvæði um slíkt hvorki í lögum félagsins né siðareglum.

Ekki tókst formanninum að sannfæra bráðum fyrrverandi Ármanninn sem benti á að í veiðileyfaúrvali félagsins væri meira og minna skylda að sleppa öllum afla. Ég varð hugsi við þessi loka-orð í símtalinu en velti þessu svo sum ekki meira fyrir mér fyrr en nú nýlega er þessi umræða kom inn á stjórnarfund. Ágætur félagsmaður skrifaði til okkar að veiðileyfaframboð ársins væri “mjög í anda Ármanna (hvergi má drepa neitt, nema helst í Hlíðarvatni þar sem ekkert fæst hvort eð er)”.

Þau eru nú vandfundin vatnsföllin sem leyfa ótakmarkaða veiði. Þegar rýnt er í veiðileyfaframboð Ármanna kemur í ljós að skylt er að veiða/sleppa öllum afla eða að hluta á átta veiðisvæðum af tíu. Eingöngu Hlíðarvatn og Framvötn eru undanskilin þessum reglum. Miklar breytingar hafa orðið á veiðikúltúr í seinni tíð, má þar nefna aukna áherslu á veiða/sleppa og Veiðikortið. Flestar ef ekki allar

laxveiðiár landsins eru kvótasettar og í sumum er sleppiskylda á öllum fiski. Flestallar silungsveiðiár falla undir sama hatt, nægir að nefna Minnivallalæk, Húseyjarkvísl, Varmá, Fossá og Galtalæk í því sambandi. Jafnvel eru dæmi um stöðuvötn sem falla undir þennan ramma sbr. Þingvallavatn og sleppiskyldu á urriða í vatninu.

Ármenn eru skrytnar skepnur. Svo vitnað sé í siðareglur félagsins virða þeir íþrótt, bráð, land og annan mann, veiða eingöngu á flugu, meta íþrótt umfram aflamagn, eru hófsamir í veiði og fara vel með feng. Og svo sækja þeir ekki mikið um veiðileyfi hjá félaginu sínu. Ef við skoðum betur framboð annarra leyfa en í Hlíðarvatn og Framvötn kemur í ljós af félagsmenn höfðu úr tæplega 1800 stangardögum að velja eða um það bil 6 stangardaga á hvern féлага. 26 stangardagar seldust eða 1,44% af framboði. Í Vatnsdalsá, þar sem má drepa bleikju, seldust fimm stangir af 10! Þessi staða er umhugs-unarefni fyrir stjórn félagsins. Það er að minnsta kosti greinilegt að veiðileyfaframboðið höfðar ekki til félagsmanna, hverjar svo sem skýringarnar kunna að vera. Gríðarleg vinna liggur í því að útvega veiðisvæði og þar með uppfylla eitt af markmiðum félagsins en sú vinna er unnin fyrir bi ef hinn hefur áhuga á þeim. Því hljóta stjórnarmenn að skoða lóna í nafla sínum og leita skýringa. Kannski er réttast að einbeita sér að endurreisn Hlíðarvatns og aðstöðunnar þar, stunda Framvötnin af kappi og styrkja félagslega þáttinn enn frekar með öflugri grasrótarfærðslu í Árósum. Og láta þar við setið. Punktur.

Vatnsdalsá



Ásókn í veiðileyfin í Vatnsdalsárhollið okkar var verulega undir væntingum en aðeins seldust 5 stangir af þeim 10 sem eru í boði.

Hægt er að lenda í ævintýrum í Vatnsdalnum eins og kunnugt er enda svæðið ávallt uppselt ár eftir ár og því mikill fengur fyrir Ármenn að hafa komist að á silungasvæðinu.

Færri komust að í fyrra en vildu og góð stemning myndaðist þrátt fyrir að veðurguðirnir hafi ekki verið Ármönnum hliðhollir.

Þetta er hollið 18.-21. júlí, 3 dagar, hálfur-heill-heill-hálfur og kostar dagstöngin 19 þús og það er með gistingu í Steinkoti en þar eru rúm fyrir 24, glæsilegt sófasett, geggjað grill, GSM samband og

allskonar. Hægt er að tvímenna á stangirnar. Bleikju og urriða úr Vatnsdalsá má breyta í bollur eða harðfisk þannig að það er eftir einhverju að slægjast fyrir Ármenn. Eins er hægt að flækja flugu í einstaka lax. Sendið póst á armenn@armenn.is og tilgreinið fjölda stanga. Einfaldara verður það ekki.

Við þetta má svo bæta að miðvikudaginn 24. Febrúar ætlar Þorsteinn Joð að mæta í Árósa og kynna fyrir okkur undraheim Vatnsdalsár. Hann er þar flestum hnútum kunnugur og ekki leikur vafi á að þetta verður fróðlegt erindi sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara.

Aðalfundur Ármanna 9. mars 2016

Boðað er til aðalfundar Ármanna miðvikudaginn 9. mars 2016 kl. 20 í Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík.

Dagskráin er eftirfarandi:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Fundargerð síðasta fundar.
3. Skýrsla formanns um starfsemi stjórnar og fastanefnda.
4. Endurskoðaðir reikningar.
5. Lagabreytingar.
6. Ákvörðun árgjalds og inntökugjalds.
7. Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga.
8. Önnur mál.

Í lögum Ármanna segir um aðalfund (4 kafli. 14 grein):

Aðalfundur skal haldinn fyrir 15. mars ár hvert. Stjórn félagsins boðar til hans með minnst tveggja vikna fyrirvara með auglýsingu í Áróði, á heimasíðu félagsins eða með öðrum tryggum hætti. Aðalfundur er lögmeður sé hann löglega boðaður. Tillögur til lagabreytinga og stjórnarkjörs skulu afhentar stjórninni skriflega fyrir 15. janúar og sendir stjórnin félagsmönnum þær með fundarboði. Ekki verða greidd atkvæði um aðrar tillögur til lagabreytinga en þær sem sendar eru með fundarboði og breytingartillögur við þær. Endurskoðaðir ársreikningar félagsins skulu liggja frammi í eina viku fyrir aðalfund. Rétt til setu á aðalfundi, kosningarétt og kjör-gengi hafa allir skuldlausir félagar.

Kjósa skal einn nýjan stjórnarmann en úr stjórn gengur Jón Gestur Ólafsson.

Tillaga stjórnar um nýjan stjórnarmann: Kjartan Orri Ingvason .

Til áframhaldandi stjórnarsetu gefa kost á sér: Árni Þór Sigurðsson, Eiríkur Stefánsson, Gestur Traustason, Garðar Þór Magnússon, Ólafur Óskar Jónsson og Hjalti G. Hjartarson.

Tillaga stjórnar um skoðunarmenn er Halldór Lárusson, Örn Guðmundsson og til vara Sveinn Agnarsson.


Aðrar tillögur um stjórn og skoðunarmenn hafa ekki komið fram.

-Stjórnin

Minning - Þorsteinn Þorsteinsson

Í samfélagi fluguveiðimanna var Steini stöng einn frumherjanna, landsþekktur fyrir stangarsmíði sína, flugukastkennslu og verslun með veiðivörur í bílskúr við heimili sitt á Flókagötunni, sem nefnd var Ármót. Eitt það fyrsta sem nýliðum í Ármönnum (félagi um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu) var kennt að hvergi annars en í Ármótum skyldu keyptar veiðivörur. Þá komust menn í kynni við Steina ásamt Kolbeini Grímssyni. Þetta tvíeyki voru gúrúar hinna innvígðu. Þannig varð bílskúrin hans Steina að hofi hinna heittrúðu þar sem hver dagur var tileinkaður veiðiguðunum og söfnuðurinn tók á móti boðskap leiðtoganna um allt milli himins og jarðar er varðaði fluguveiði. Í þessu hlutverki fann Steini sig vel þótt ekki verði sagt að hvorki hafi hann tekið sjálfan sig né aðra ýkja alvarlega.

Frásagnalistin var Steina í blóð borin, hnyttni, tvíræðni, látbragð og hugarflug. Hann gat verið hrjúfur, einkum þegar menn komu með brotna stöng í viðgerð: „Ferðu svona með konuna þína maður eða hvað“, gat hann spurt hvasst og menn hlúðu betur að stöngum sínum á eftir. Eitt sinn kemur maður og spyr um veiðihjól. Steini svarar að bragði: Hvað er þetta maður, áttu ekki veiðihjól? „Jú, en það er orðið svo gamalt“, svaraði viðskiptavinurinn afsakandi. „Hvað gamalt?“ – spyr Steini. Maðurinn umlar að líklega sé það hátt í tuttugu ára. „Tuttugu ára – það finnst mér ekki gamalt“ svarar Steini að bragði. „Mitt hjól er helmingi eldra og það sér ekki á því“. Maðurinn spyr forviða hvernig það megi vera og ekki er laust við að gæti sektarkenndar yfir því að fara illa með. „Nú það er ekkert mál maður“, segir Steini, „þú tekur bara með þér tvær flöskur af sterku í hvern túr, þá reynir ekki eins mikið á hjólið“!



Öðru sinni kemur maður í Ármót og spyr um veiðijakka. Steini tekur honum vel. Má bjóða yður í fatadeild verslunarinnar herra minn“, spyr hann ísmeygilega. Fatadeildin var raun slá ein undir hillu vinstra megin við útidyr. Viðskiptavinurinn verður hálf hvumsa, lítur á slánna og sér einn jakka hanga á henni. „Er ekkert úrval“?, spyr maðurinn. „Jú kallinn minn“, svarar Steini snöggur upp á lagið, „þetta er einmitt úrvalið, þessi jakki var valinn úr tugum flíka, það kalla ég sko úrval“. Viðskiptavinurinn verður hálf vandræðalegur en hann handfjatlar jakkann og spyr hvort hann sé úr efni sem andar. „Andar hann?“ tyggur Steini upp eftir maninum, „ég skal sko segja þér það góði minn að einn sem keypti svona jakka um daginn datt á hausinn á bólakaf ofaní Laxfoss og kom ekki upp aftur fyrr en eftir þrjá klukkutíma, hress og kátur, - segðu svo að hann andi ekki“.

Nú hefur Steini stöng, þessi þjóðsagnapersóna og gleðigjafi, safnast til feðra sinna. Eftir lifir Helga, eiginkona hans, traustur lífsförunautur og vinur Steina og líka hluti af samfélaginu í Ármótum. „Helga mín“ var ætíð viðkvæði hans þegar hana bar á góma. Við vottum minningu Þorsteins Þorsteinssonar virðingu og fjölskyldunni samúð.

Bragi Guðbrandsson

Á þorrablóti Ármanna 23. janúar 2016

Á þorrablóti Ármanna 23. janúar 2016

Kæru félagar og vinir.

Þannig var að þegar Gísli afi minn dó undir lok síðustu aldar skildi hann eftir sig heilmikið veiðidót, stangir, hjól og flugur. Ekkert þeirra systkina, sem arf áttu að taka eftir hann, hafði sérstakan áhuga á að veiða svo við Gíslu bróðir minn vorum spurðir hvort við vildum hirta eitthvað af þessu áður en því yrði hent. Við bræður höfðum hvorugur sinnt því neitt að veiða, ég átti reyndar bensinstöðvarstöng og hafði stundum reynt að kasta spæni fyrir fisk með henni en fékk aldrei neitt. Enda datt mér ekki í hug að veiða neins staðar þar sem ég þyrfti að borga nema þúsundkall fyrir veiðileyfi. Þegar ég fór að spyrja heimamenn á veiðislóð hverju þetta sætti kom í ljós að ef ég kom að veiðivatni í júní var mér sagt að hér væri helst von á fiski síðsumars og ef mér datt í hug að taka stöngina með í ágúst var mér sagt að hér væri það vorveiðin sem gildi. Svona hafði þetta gengið í mörg ár og ég var satt að segja orðinn úrkula vonar um að ég fengi nokkurn tíma fisk.

Einhvers staðar á miðjum aldri þarf maður að endurmeta líf sitt. Maður finnur á skrokknum að það fer að verða hættulegt að spila innan-hússfótbotla með strákunum og það verður smátt saman æ meiri áhætta að vera í íþróttum yfirleitt. Við blasir það eitt að setjast við bridsborðið, með viski og vindil og fara að safna ístru eins og maður sér á spilamönnum í kvikmyndum. Kannski ekki glæst framtíð, en framtíð samt.

En þegar þetta veiðidót frá afa kom upp í hendurnar á okkur bræðrum vorum við einmitt í svona miðaldrapælingum, Gísli að vísu sjö árum yngri en ég, en þeim mun bráðgerari; við komumst að þeirri niðurstöðu að við höfðum hvorugur fengið fisk síðan við hættem að veiða með afa niður á Geirsbryggju, en vildum báðir gjarnan sýna minningu hans þann sóma að gera nú slag í því að fá einn fisk eða svo. Gísli benti á að ef maður ætti að vera nokkuð öruggur um að fá fisk yrði að kaupa sér veiðileyfi sem kostaði eitthvað, því verið væri örugglega til marks um líkurnar á því að fá fisk.

Við minntumst þá þess að afi okkar hafði jafnan veitt í Elliðaánum og Norðurá og seldi aflann í búðir og svo dugði fyrir veiðileyfunum og stundum betur. En þegar veiðileyfin hækkuðu hætti hann því að mestu en mig grunar að þegar hann á gamals aldri fékk sér sumarvinnu við að afgreiða bensín í Hreðavatnsskála þá hafi eitthvað annað búið undir, en nóg um það. Við töldum að þessar ár væru langt fyrir ofan getu okkar til veiða. Og veiðileyfin dýrari en við vorum tilbúnir að borga fyrir þessa fyrstu tilraun.

Árið var 1997 og nú fréttum við að norður í Laxárdal í Þingeyjarsýslu væri unnt að fá veiðileyfi á skaplegu verði sem fáir vissu um svo við afreðum að kaupa okkur tvo daga í lok veiðitímans og freista þess að fá fisk. Fáir voru við veiðar svo við máttum vera nokkurn veginn þar sem við vildum, þegar á hólminn kom vissum við ekkert hvað við áttum að gera. Við höfðum aldrei staðið við annað eins vatn áður og vissum ekkert hvar fiskurinn hélt sig. Auk þess kunnum við ekkert að kasta og ég held að mestur tíminn hafi farið í það hjá mér að greiða úr flækjum.

Þegar ég sá að það þýddi ekkert hjá mér að koma línunni út með venjulegu hætti uppgötvaði ég þá tækni að láta hana bara leka út, og vissi sossu ekkert hvernig það mundi enda. En þá gerist það á síðustu vaktinni, 31. ágúst 1997, skömmu fyrir hádegis, daginn sem Diana dó, að ég sé fisk stökkva hátt upp úr vatninu, langt fyrir neðan mig. Þá var línun komin langleiðina út af hjólinu og ég áttaði mig á því að hann hafði bitið á hjá mér. Á meðan ég dró inn línuna hægt og bitandi, með urriðann dansandi á sporðinum við hinn endann, sagði Gísli mér miklar afrekssögur af því hvað honum hefði tekist vel að hjálpa vini sínum að landa laxi fyrr um sumarið. Og nú mundaði hann háfinn með tilþrifum og bjóst til að gera þessum sömu skil. Ég átti ekki annars úrkosti en treysta bróður mínum fyrir þessu vandasama verkefni.

En hvernig sem á því stóð tókst ekki betur til en svo að urriðinn, sem ábyggilega hefur verið orðinn úrvinda af þreytu, slapp úr háfnun og komu nú frægðarsögur bróður míns fyrir lítið. Ekki fengust fleiri fiskar í þessum túr og það tók mig tíu ár að jafna mig svo ég gæti opinberlega stunið því upp að þetta væri fyrirgerfið.

Ég miða upphaf fluguveiði minnar við þessa veiðiferð og nákvæmlega þennan fisk og hef síðan oftsinnis minnt sjálfan mig á það að ég eyddi 45 árum æfi minnar í það að veiða ekki.

En þessi eini fiskur sem slapp varð samt til að kveikja áhugann. Um veturinn hitti ég gamlan skólalátrúður minn, Kristinn Sigmundsson stórsöngvara (#617), og fór að segja honum þessa sögu. Þá hafði hann um sumarið tekið þátt í holti með Ásgeiri Steingrímssyni trompetleikara (#507) í Laxá fyrr um sumarið og svo æxlast það þannig að við Gíslu fengum báðir pláss í holti Ásgeirs sumarið eftir. Það var upphaf á margra ára góðum félagsskap á bóknum Laxár.

Lengi vel voru ferðirnar í Laxá eina veiðiferð sumarsins. Okkur var sagt



að óreyndir veiðimenn mættu alveg gera ráð fyrir því að vera fisklausir fyrs-tu þrjú árin – og það gekk sannarlega eftir. Í þrjú ár var það minningin ein um fiskinn sem Gísli mistókst að landa það eina sem hélt voninni vakandi um að einhvern tíma mundi aftur bita á – fyrir utan alla drellana sem hinir í hollinu drógu í hús á hverri vakt.

Við svo búið mátti ekki standa, ég sá fljótlega að ég þyrfti að verða mér úti um einhverja aðra veiði líka, fara oftar – en hvert? Og hvar gat maður lært að veiða. Það hlaut að geta hjálpað að ganga í veiðifélag. Afi var í Stangó, en það var kannski fullbratt fyrir mig, var ekki ekkert eitthvað hógværa á boði?

Í íþróttahúsi Kennaraháskólans hafði ég kynnst kastskóla Ármanna á sunnudagsmorgnum og tekið eitt námskeið; ekki það að mér hefði tekist að læra neitt, yfirleitt fór helmingur veiðitímans í að greiða úr vindhnútum, en mér datt í hug að ganga í félagið og sjá hvort það hjálpaði eitthvað. Kjörrið tækifæri til að læra svolitíð að veiða annars staðar en í Laxá var að taka þátt í vorhreinsun í hinu rómaða Hlíðarvatni.

Ég mætti á staðinn á auglystum tíma á laugardagsmorgni og vissi ekki á hverju ég átti von, nema því að ef vel gengi mætti hugsanlega fá að renna í vatnið að hreinsun lokinni. Við veiðihúsið voru greinilega reyndari menn, á pallbilum eða með kerrur, og voru sem óðast að skipta líði. Kolbeinn Grímsson, Hlíðarvatnsgoðinn sjálfur, stóð á pallinum og fylgdist með. Ég lenti í hópi undir forystu Guðmundar Hauks. Ég sá óðara að þarna var maður með reynslu og hugsaði mér gott til glóðarinnar að læra eitthvað um veiðskap af honum.

Við unnum ótullega við að hreinsa og höfðum lokið störfum um hádegið. Í síðustu ferðinni leiði ég talið að veiðinni, og hvar væri líklegast að bera niður og hvernig. Ég hlustaði grandgæflega á hvert orð af vörum hans, án þess að hafa hugmynd um eitt einasta örnefni við vatnið og þekkti ekki nöfnin á flugunum. Ég fann að Guðmundur var eitthvað æstur eða áhyggjufullur, og það kom upp úr dúrnum að hann hafði áhyggjur af því að það fengi enginn að veiða neitt eftir hádegis. Menn færu bara í bæinn. „Það er verst með hann Kolbein, kallinn er orðinn eitthvað svo mikill friðunarsinni að hann vill helst sleppa öllu, og má varla orðið veiða nokkurn skapaðan hlut.“ Ég fann að þetta lagðist þungt á hann.

Við húsið fengu menn sér nesti og á eftir var kveikt í sigarettu, nestið var komið inn í bíl, menn tvístigu reykjandi á planinu og kringum skálann, en Kolbeinn rabbaði við stjórna uppi á veröndinni. Öbreyttir Ármenn þóttu vera að tala saman á planinu en gáfu Kolbeini gætur, fylgdist með hverri hreyfingu og biðu spennir. Það voru greinilega fleiri en Guðmundur sem áttu allt eins von á því að þurfa bara að fara í bæinn. Svo gekk Kolbeinn fram á pallinn, litaðist um og púaði stóru reykskýi upp í loftið, -- veifaði hendi og sagði stutt og laggott: „Veiða!“

Það var eins og sprengju hefði verið kastað inn í hænsnahóp. Menn drápu snarlega í sigarettunni, þurftu svo einhvern veginn að losa sig við stubbinn, og ruku af stað. Ég vissi ekki hvaðan á mig stóð veðrið, og stóð þarna eins og þvara og horfði á. Þegar síðustu bílarnir ruku út af planinu drap Kolbeinn í vindlinum á næsta steini og sagði: „Það er munur að reykja umhverfisvænt“, en gaf sig ekkert að mér að öðru leyti.

Ég sá að nokkrir höfðu farið niður í Botnavík svo ég ákveð að byrja þar.

Ég opna skottið og fer að setja saman og uppgötva þá náttúrlega að allt er í flækju frá fyrra sumri og ég þarf að skipta um allt. Mér dvelst auðvitað og ég sé út undan mér að Kolbeinn er búinn að fá sér annan vindil og gengur í átt til mín, staðnæmist á lengdar og horfir dágóða stund á mig þegiandi. Snýr sér svo við og segir, eins og við sjálfan sig: „Þú veiðir of lítið.“

Þarna var eiginlega „peningunum kastað“, svo vitnað sé í Sigbjörn Kjartansson. „Þú veiðir of lítið.“ Þessi setning ómaði í eyrum mér þann dag allan, og ég var í nokkur ár að átta mig á þessari djúpu speki sem gerbreytti algerlega lífi mínu.

Síðan hef ég átt samleið með mörgum góðum Ármönnum, og að öðrum ólöstuðum vil ég nefna til sögunnar Hilmar Finnsson. Eitthvert haustið, líklega 2008, fór ég ógátlega á hjólinu og flaug á hausinn á hálkubletti og brákaðist aðeins á rifbeini. Svoleiðis skaði er frekar meinlaus en í þessu tilviki var ástæða til að liggja heima í þrjá daga og hafa sig hægan. Ég vorkenndi sjálfum mér alveg óskaplega að hanga heima, og mitt í þessari sjálfsvorkunn allri saman hringir síminn. Á línunni var sjálfur formaður Ármanna, Hilmar Finnsson, bróðir hans Óla bróður sem var með mér í bekk í Hamrahlíð. Þið getið ekki ímyndað ykkur hvað svona óbreyttum auðnuleysingja við veiðar þótti mikil upphefð að því að fá símtal frá formanninum sjálfum, og það í miðju sjálfsvorkunnarkasti, að þegar hann stakk upp á því við mig að setjast í stjórn þá tók ég því feginsamlega. Satt að segja gerði þetta símtal að verkum að þessi stutta sjúkralega varð hinn ánægjulegasta.

Á næsta aðalfundi var tillaga formanns um nýja stjórn samþykkt. Eg þekkti ekki marga virka félagsmenn áður en ég byrjaði í stjórninni en kynntist þeim fljótlega. Og annað eins samsafn að öðlingum hef ég sjaldan fyrir hitt, hvort sem var í stjórn, stjórnarandstöðu, húsnefnd eða Hliðarvatnsnefnd. Uppúr þessu fer ég að sækja Þorabrólótin og kemst að því hér tíðkast að ræðumaður kvóldsins fái óskorað leyfi til að gera upp alls kyns sakir úr gömlum veiðiferðum við félagi sína. Er skemmst að minnast ræðu Ragnars Hólms fyrir nokkrum árum þegar hann velti þeim Stebba kokk, Guðna Kolbeinssyni og Braga Guðbrandssyni upp úr alls kyns óföllum á veiðislóð, dró þá sundur og saman í háði svo ekki hvarflaði annað að mér en þeir mundu taka sig saman um að berja Ragnar í spað við fyrsta tækifæri, ekki fyrr en ég sá að sá sem hló hæst allra í samkvæminu var Stefán Hjaltested sjálfur, sem hér situr.

Svo gerist það á blótinu 2014 að Gísli bróðir minn er fenginn til að flytja ræðuna. Hann hafði greinilega sömu hugmyndir um góða ræðu og Ragnar því hann notaði tækifærið til að gera upp sakir við þann sem hendi var næst, það er að segja bróður sinn, fyrir alls kyns uppakomur í veiðiferðum okkar með þeim hætti að Árna formanni, og kannski fleirum, sem ekki þekka okkur Gísla, hefur farið að líða eins og mér undir ræðu Ragnars Hólms. Árni fór strax að tala um það að ég þyrfti að svara Gísla í einhverju, bera hönd fyrir höfuð mér, ég taldi það hinn mesta óþarfa. Aðalefnið í ræðu Gísla snerist um að gera lítið úr mínum þætti í veiðisögu sem hafði gerst árið 2002, ég hafði sjálfur sagt hana við hirð Ásgeirs í Laxárdal sumarið 2003, en útgáfa Gísla af sögunni hafði aldrei komið upp á yfirborðið fyrr en þarna, 11 árum síðar. Ég reyndi að útskýra fyrir Árna að við Gísli sæjum ekki ástæðu til að svara hvor öðrum um svona mál nema á ellefu ára fresti, og það lægi alls ekki á að ég héldi ræðu á þorabrólóti Ármanna um þetta atriði fyrr en árið 2025.

En þegar Árni hringdi í mig um daginn og ámalgaði þetta hefur hann sennilega verið búinn að gleyma fyrra samkomulagi og ég féllst á að reyna að segja eitthvað. En ég veit ekkert hvort ég á að reyna að svara ræðu Gísla eitthvað en ég get að minnsta kosti sagt mína hlið þeirrar sögu sem hann drap á í ræðu sinni fyrir tveimur árum.

Þessi saga hefur verið kölluð Sandársagan.

Þeir sem þekka Gísla vita hvílikur kapps- og ákafamaður hann er um alla hluti, og í stangveiðunum dregur hann ekki af sér. Fyrir hvern veiðitúr er hann svo spennur að hann sefur ekki og þegar á veiðislóð er komið er Gísli jafnan fyrstur úti og síðastur uppúr – og hefst nú sagan:

Sumarið 2002 bauðst Gísla að kaupa veiðileyfi í rómaðri laxveiðiá, Sandá í Þistilfirði, fyrir tilstilli Jörundar Guðmundssonar, forstjóra Háskólaútgáfunnar. Gísli spurði hvort ég vildi taka stöngina með honum og þáði ég það.

Veiðileyfi í Sandá hafa í áratugi verið bundin við lokaðan klúbba heldri manna sem hafa haft ána á leigu, og fyrir okkur, nánast byrjendur í

veiðiskap, var það fá að veiða í þessari á með mönnum í innsta hring, eins og að vera hleypt inn í helgustu vé laxveiða á Íslandi. Hér var því mikið í húfi og okkur fannst að hver mínúta við ána mundi verða gulls ígildi. Við undirbyggjum okkur vel, lásam rit Magnúsar Ólafssonar um Sandá (Magnús Ólafsson 1994) afurabak og áfram, reyndum að læra nöfn veiðistaðanna utanað og fórum margar ferðir í veiðibúðir til að kaupa réttu flugurnar og annað sem á vantaði fyrir hina fullkomnu veiðiferð. Nú mátti ekkert klikka.

Daginn áður en veiðin skyldi hefjast héldum við bræður akandi norður í land. Spennan var mikil, framundan voru fjórir dagar við laxveiði í einni nafntoguðustu stórfisaka Íslands. Á leiðinni gistum við hjá Haraldi Bessasyni á Akureyri, heilsuðum uppá Sigríði Kristjánsdóttur, fóstru okkar á Halldórstöðum í Kinn, sem búið hafði á Húsavík síðan hún brá búi, -- blessuð sé minning þeirra -- og vorum komnir á tilsettum tíma í veiðihúsið. Þar var Jörundur kominn og kynnti okkur fyrir veiðistjóranum, Arthúri Bogasyni, og öðrum veiðifélögum okkar þessa daga sem framundan voru. Fyrsta vakt átti að byrja klukkan fimm.

Við vorum ögn hissa á hvað allir voru rólegir. Veiðistjórin gaf sér góðan tíma til að útskýra svæðaskipan við ána, fara yfir veiðireglurnar, matsæðilinn og segja nokkrar veiðisögur. Jörundur tók að sér að útskýra fyrir okkur bræðrum hvernig best væri að haga sér á okkar svæði fyrstu vaktina og teiknaði nokkrar skýringarmyndir af veiðistöðum. Hverri teikningu fylgdu nokkrar veiðisögur til nánari útskýringar. Mér fannst eins og Gísli væri farinn að ókyrrast.

Klukkan var töluvert gengin í sex þegar við vorum loksins komnir á bakann. Við ákváðum að skiptast á að veiða, hálf tíma í senn, ég fékk að byrja. Eftir umsaminn hálf tíma fer ég í land án þess að hafa orðið var og kem mér fyrir í brekku milli þúfna en Gísli tekur við. Ég er rétt búinn að koma mér fyrir þegar Gísli kallar. Ég sé að hann staulast í land, heldur fyrir muninn og bendir mér að koma. Á bakkanum hnigur hann niður, náfölnur og hriðskjálfandi, eins og hann sé helsærður – eða að minnsta kosti fótbrottinn – og rétt getur muldrað mjög óskýrt að ég verði að losa fluguna framanúr honum – þegar í stað. Ég sé að flugan er föst rétt við neðri vörina, agnhaldið er komið á kaf í holdið og einungis ein leið til að ná flugunni úr: að þrykja önglinum áfram og út aftur gegnum holdið og húðina svo unnt sé að klippa agnhaldið af.

Sjálfur hafði ég lent í svipuðu atviki í Mývatnssveit árið áður. Þá hafði flugan Rektor krækst í eyrað á mér á sama hátt, agnhaldið á kaf, og þurfti marga manna áhöfn í stóru veiðihúsi til að leggja til allar þær tangir, tól og smyrsl sem nauðsynleg voru til að ná flugunni út án þess að rífa útúr eyranu.

Nú þóttist ég geta talað af reynslu og þekkingu um þetta vandamál. Hér þurfti sterka klípitöng, staðdeyfikrem og sóttþreinsandi meðul til að ná flugunni án þess að valda Gísla varanlegum útlitsgalla á viðkvæmum stað. Ekkert af þessu höfðum við við höndina og ég tjáði honum að best væri að leita læknis, og nærtækast væri sjúkrahúsið á Þórshöfn. Þessu mótmælti Gísli kröftuglega og krafðist þess með ákafa að ég losaði öngulinn úr þarna á bakkanum og hefði hraðar hendur, laxinn biði í óþreyju eftir að hann kæmi aftur úti.

Kýttum við um þetta góða stund.

Smám saman rann upp fyrir mér að ástand Gísla var alls ekki í neinu samræmi við sárið sem hann hafði fengið, heldur var eins og hann hefði fengið vægt taugaáfall, hann var ekki með sjálfum sér og engu tauti varð við hann komið. Árið áður, þegar ég fékk Rektorinn í eyrað, varð ég varla var við neinn sársauka, klippti bara á tauminn og hélt áfram að veiða þar til vaktin var búin. En hér var eitthvað allt annað á seyði. Við höfðum hlakkað til allt vorið og sumarið að koma í þessa rómuðu á, höfðum undirbúið okkur vel og ekið landið á enda til að komast hingað. En fyrsta vaktin hafði byrjað heldur seint, Gísli bedið spennur eftir að ég kláraði minn hálf tíma og svo er hann varla kominn úti þegar þetta gerist. Fyrsta vaktin á finasta veiðileyfi sem við bræður höfðum nokkrum sinni eignast var á leið í vaskinn, mínúturnar gullnu runnu úr greipum okkar. Nú voru góð ráð dýr og mikilvægt að hugsa hratt: Ég reyndi í hugarum að giska á hve lengi væri verið að keyra til Þórshafnar og hvað taugar Gísla þyldu mikla skerðingu á fyrstu vaktinni, og sagði eins fullur öryggis og myndugleiks (sem stóri bróðir) og mér var unnt: „Nú kemur þú með mér á sjúkrahúsið og ég skal persónulega

Scott
margverðlaunaðar flugustangir

SÖLUSTADIR:
Krafla
Veiðihornið, Veiðflugur
og Veiðiportið í Reykjavík,
Flugukofinn í Keflavík og
Veiðvörur.is á Akureyri

ábyrgjast að þú verðir kominn út í ána aftur klukkan átta.“

Þetta hreif.

Í ræðu sinni taldi Gísli að hér væri stórlega hallað réttu máli. Í fyrsta lagi hefði túban verið svo þung að þegar hann fékk hana í vörina hefði hann næstum rotast, og það hefði verið skýringin á göngulagi hans í land.

Í öðru lagi taldi hann að ég hefði ekkert skeytt um meðisli bróður míns, heldur vaðið sjálfur út í á að veida en skilið hann helsáran eftir á bakkannum þar sem hann mátti vart mæla þar sem öngullinn hafði krækt varir hans saman líkt og Njáll Barðdal gerir við viðskiptavini útfararþjónustunnar í Winnipeg til þess að þeir líti betur út í kistunni.

Í þriðja lagi taldi hann að ég hefði verið mjög tregur til að keyra út á Þórshöfn. – en höldum nú sögunni áfram.

EKKI þarf að taka fram að ég ók eins og druslan dró, en Gísli sat skjálfaði við hliðina á mér og hélt um munninn. Á leiðinni fóru að vakna ýmsar efasemdir um tilvist sjúkrahúss og lækniþjónustu á Þórshöfn. Við rifjuðum upp hvar við hefðum helst heyrt getið sjúkrahúsa á landsbyggðinni og hvorugur okkar mundi eftir að hafa heyrt nefnt sjúkrahús á Þórshöfn. Ef til vill þyrftum við að keyra til Raufarhafnar – án þess að vera vissir um að þar væri sjúkrahús. Eða væri kannski betra að veðja á Vopnafjörð? Á þessa staði var 60 til 70 km leið frá Þórshöfn (Vegagerðin 2009) og þá væri fyrsta vaktin endanlega farin í vaskinn. Ættum við kannski bara að snúa við? Gísli var óðum að hressast og kannski ættu veiðifélagarnir töng, – þetta mátti alveg biða til kvöldsins, við áttum meira en nóg víska til að deyfa Gísla alveg í gegn og þar að auki svolitíð gin til að sóttreinsa sárið. Svo mætti hugsanlega harka af sér í fjóra daga með öngulinn í vörinni, óþægindin yrðu líklega mest í matartímanum – og ekki vorum við komnir hingað til að éta. Hafði ég kannski ekki gengið með Rektorinn í eyranu heila vakt án þess að finna fyrir neinu?

Áður en þessi umræða yrði til lykta leidd vorum við farnir að nálgast Þórshöfn og við töldum að úr þessu gætum við að minnsta kosti spurst fyrir um hjúkrunarfræðing eða ljósmóður í þorpinu. Og ef ekki gætum við alltjént fengið okkur ís áður en við snerum til baka.

Það kom okkur því þægilega á óvart að sjá skilti með rauðum krossi við aðalgötuna sem vísaði okkur á nokkuð stórt hús ofarlega í þorpinu. Í heilbrigðistofnun Þórshafnar á Langanesi var hins vegar fátt um manninn á sjöunda tímanum, fólk komið heim til að hlusta á fréttir og sjóða kartöflur. Við ákváðum samt að knýja dyra og eftir drykklanga stund heyrum við umgang og í dyrnar kemur ung og ákaflega fögur stúlka í hversdaglegum ígangsklæðum, gallabuxum og treyju. Þetta var kona af því tagi sem maður býst síst af öllu við að sjá við ysta haf á virkum degi, hún var að fegurð miklu fremur í ætt við þær konur sem getið er um í ævintýrum eða sjást í kvikmyndum. Við stóðum agndofa þarna á stéttinni. Eins og til að segja



JOAKIM'S
MEÐ NÁNAST ALLT Í FLUGUVEIÐINA
STANGIR, HJÓL OG LÍNUR
KRÓKAR OG KÚLUR Í SILUNGAFLUGUR. KEILUR OG FLASHABOU.
FLUGU BOX, HÁFAR OG ÖNDUNARVÖBLUR
ALLTAF GOTT VERÐ
WWW.JOAKIMS.IS | SÍMI 698-4651

eitthvað var ég rétt búinn að missa út úr mér spurninguna: „Ert þú kannski að þrifa hérna?“ Þegar Gísli verður fyrri til og spyr hvort einhver læknir sé á vakt. Þökkadísinn tekur spurninguna Gísla brosandí og segir: „Ég er læknirinn, gerið svo vel.“

Við erum leiddir inn í herberbergi læknisins og Gísla er skipað að leggjast á bekk, en konan unga rannsakar fluguna grandgæfilega og hvernig hún situr í neðrivör Gísla. Hún beygir sig yfir hann og eitt augnablik finnst mér eins og hún ætli að reyna munn-við-munn-aðferðina við að ná öngulinn úr vörinni, en hættir við, enda aldrei að vita hvernig sú aðgerð hefði endað.

Mér sýnist Gísla alls ekki líka þessi læknisskoðun illa og hann virðist nú vera búinn að steingleyma Sandá og löxunum sem þar biða eftir honum. En læknirinn veit ekki hvað skal gera. Hún hefur enga reynslu af þeirri aðgerð sem nú blasir við jafnvel þótt í héraði hennar séu fjórar stórar laxveiðiar. Nú kemur reynslan úr Mývatnssveitinni enn í góðar þarfir og ég fæ tækifæri til að segja frá því með tilþrifum þegar ég var lagður á eldhúsbekkin í veiðihöfi Hólmfríðar Jónsdóttur frá Arnarvatni og veiðifélagarnir fjarlægðu Rektorinn úr eyranu á mér undir frækilegri forystu tveggja sviðsstjóra í stjórnsýslu Háskóla Íslands, Halldórs Jónssonar á vísindasviði og Guðmundar Ragnarssonar á starfsmannasviði, með tækjum, smyrslum og öðrum búnaði sem tiltækur var í eldhúsi Hólmfríðar og fórum veiðimanna.

Sjúkrahúsið reynist eiga staðdeyfikrem og sóttreinsandi efni, en enga þá klíptöng sem klippt geti í sundur öngul á laxaflugu, svo ég er sendur út af örkinni til að útvega slíka töng en Gísli verður eftir hjá lækninum.

Þegar Gísli sagði sína útgáfu af sögunni gufaði ég út úr henni um leið og læknisskoðunin hófst, og þarna á borðinu hefur hann alls ekki áttað sig á því ráðleysi og neyðarástandi sem þarna virtist vera. Í útgáfu Gísla er það ástand greinilega tilbúningur læknisins til þess að losna við mig því þegar ég er farinn fer hún að segja Gísla frægðarsögur af sjálfri sér við að losa króka úr krumlum trillukarla. Og þessi litla fluga væri barnaleikur hjá því.

En vikur nú sögunni þar sem ég er kominn út í bæ að finna töng handa lækninum.

Eini staðurinn, þar sem vart verður mannaferða laust fyrir klukkan sjö í litlu sjávarþorpi á Íslandi er bensinstöðin og þangað held ég vongóður og spyr hvort ég megi fá lánaða sterka klíptöng handa lækninum á sjúkrahúsinu sem bráðvanti slíka töng til að geta hjálpað veiðimanni með öngul í vörinni. Afgreiðslustúlkan sýnir mér töng í skúffu, löðrandi í smuroliu og drullu. Mér sýnist að sóttreinsa þurfi allt sjúkrahúsið ef ég kem með slíkan grip þar inn fyrir dyr, svo ég spyr hvort ég geti ekki fundið í þorpinu betra áhald. Stúlkan ráðleggur mér að setja og biða átekta, örugglega muni einhver koma sem á það sem mig vanhagar um. Það bregst heldur ekki. Eftir stundarkorn snarast inn maður til að kaupa bensín sem tekur erindi mínu vel.

Maðurinn reynist eiga heilt verkstæði í bílskúr sínum handan götunnar, og öll verkfæri þar gljáfægð í snyrtilegum röðum uppi á vegg. Og nú held ég með réttu töngina uppá sjúkrahús þar sem þau biða, Gísli og læknirinn, klukkan er farin að ganga átta og þriðjungur liðinn af vaktinni. Aðgerðin er framkvæmd í snatri, agnhaldið rekið í gegn, klippt af og flugan dregin út, allt sóttreinsað, læknirinn setur plástur á sárið og við kveðjum hann með virktum – og ég sé ekki betur en kveðja Gísla sé nokkrum söknudi blandin.

Þegar ég sagði söguna svona vildi ég auðvitað gera sem mest úr leiðangri mínum eftir tönginni. Raunin var hins vegar sú að þegar ég kom með hana aftur var búið að fjarlægja öngulinn. Sagan sem mér var sögð var sú að meðan ég var í burtu hafi sjúkraflutningamañn staðarins borið að og hann verið með réttu töngina.

Í útgáfu Gísla af sögunni, sem hann sagði á þorrablótinu, gerir hann mikið gys að hetjulegri framgöngu minni við að útvega gjáfægða klíptöng á Þórshöfn. Sannleikurinn hafi verið sá að læknirinn læknirinn átti töng allan tímann en hún hafi spunnið upp þessa lygi til að losna við mig og geta verið ein með Gísli um stund, en það vissi ég ekki fyrr en á þorrablóti Ármanna fyrir tveimur árum.

Hvað þeim fór svo á milli er enn óupplýst, en framhald sögunnar gefur kannski vísbendingu um það.

Á bakaleiðinni segjum við fátt fyrst í stað, Gísli kímir með sjálfum sér og segir svo uppúr eins manns hljóði: „Ja, þessi sjúkrahúsheimsókn var nú alls ekki sem verst, maður ætti kannski að setja öngulinn í aftur.“

Það er ekki fyrr en við erum komnir á slóðina upp með ánni að við förum aftur að tala um fisk og þá sælu sem framundan er. Á slaginu átta erum við komnir á bakkann og Gísli veður úti þar sem frá var horfið og fer að veiða eins og ekkert hafi í skorist.

EKKI er vitað til að Gísli hafi sett fluguna í vörina síðan og ekki hefur hann aftur fengið leyfi til að veiða í Sandá. En ef þökkgyðjan, sem við hitum á heilsgæslustöðinni á Þórshöfn þessa kvöldstund á matartíma sumarið 2002, er ekki komin eitthvað annað þá er hún þar enn – og læknar menn.

Ég þakka áheyrnina.

Baldur Sigurðsson #643

Sumarfrí í Selvogi? Hlíðarvatn - lausir dagar

Hér gefur að líta lausu dagana okkar í Hlíðarvatni sumarið 2016. Þessir dagar (hvítu dagarnir) fara í sölu á leyfi.is í endan mars en þangað til standa þeir félagsmönnum til boða á sömu kjörum og í úthlutunarferlinu.

Verðið er 5000 kr stöngin í maí og júní.

2000 kr stöngin á virkum dögum í júlí, ágúst og september en 4000 um helgar.

Reglan er þannig: sendið tölvupóst á armenn@armenn.is og pantið dag, ykkur verður svarað um hæl og sendar greiðsluupplýsingar til baka. Mikilvægt er að ganga frá greiðslu sem fyrst því aðrir hafa mögulega áhuga á sömu dögum.

Hlíðarvatnsdagurinn sem árlega hefur verið haldinn síðla ágúst verður að þessu sinni sunnudaginn 12. júní.

Maí						
Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
2	3	4				
		18				
		25				

Júní						
Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
		1	2			
		8				
13		15	16			
20	21	22	23	24		
27	28	29	30			

Júlí						
Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
				1	2	3
					9	
11	12					17
18	19	20	21		23	24
25	26	27	28	29	30	

Ágúst						
Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
1	2				6	7
8	9	10	11			14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24				
29	30	31				

September						
Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
			1	2		4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		



Opið hús í Árósum, félagsheimili Ármanna, Dugguvogi 13,
þann 27. febrúar kl.14 - 16 í tengslum við Febrúarflugur.



Gestum er boðið að kynna sér starfsemi félagsins og í létt spjall um flugur og fluguþýtingar.

Félagar úr Ármönnum verða á staðnum og aðstoða við hnýtingar.

Allir hjartanlega velkomnir.

Vetrardagskrá í Árósum 2015-16

Regluleg dagskrá

Skegg og skott á mánudagskvöldum frá kl. 20-22
Opið hús verður alla miðvikudaga í vetur.

Auglýstir viðburðir

- 22. febrúar Skegg og skott - Hlíðarvatnsflugurnar
- 24. Febrúar miðvikudagur, Vatnsdalsárkynning. Þorsteinn Joð.
- 27. Febrúar laugardagur, febrúarflugur
- 7. mars Skegg og skott - Heklaðar flugur
- 9. mars Aðalfundur.
- 21. mars Skegg og skott - Þurrflugur
- 6. apríl Flóamarkaður. Sló gersamlega í gegn í fyrra og nú endurtökum fjörið.
- 16. apríl Vorblót Ármanna. Eitthvað sem enginn má missa af.
- 23.-24. apríl Hlíðarvatnshreinsun.

Ýmislegt fleira er í deiglu í vetur.
Nánari dagsetningar verða auglýstar síðar í
Áróði og á heimasíðu Ármanna www.armenn.is

Febrúarflugur

Um þessar mundir stendur yfir viðburður á Facebook sem nefnist Febrúarflugur þar sem veiðimenn og hnýtarar birta myndir af þeim flugum sem þeir eru að hnýta um þessar mundir. Þetta er annað árið í röð sem þessum viðburði er ýtt úr vör af FOS.IS. Í fyrra birtust yfir 200 flugur, en eftir fyrstu viku yfirstandandi viðburðar voru flugurnar orðnar ríflega 100 þannig að það stefnir í mjög góða þátttöku þetta árið.

Allir áhugamenn um flugur og hnýtingar eru hvattir til að skrá sig á viðburðinn, hvort heldur til að leggja fram flugur eða fylgjast með því hvað aðrir eru að hnýta. Nú þegar hafa yfir 100 manns skráð sig á viðburðinn sem finna má á Facebook - leita að Febrúarflugur 2016. Reglulegar fréttir af viðburðinum má finna á <http://fos.is/februarflugur>

Þetta árið nýtur viðburðurinn stuðnings fjölda fyrirtækja og einstaklinga sem leggja til vegleg verðlaun sem veitt verða í þremur flokkum; Fallegasta flugan, Beittasta vopnið og Nýliði ársins. Það eru þátttakendur sjálfir sem koma til með að velja vinningshafa úr röðum innsendra mynda. Verðlaun verða veitt fyrir þrjú efstu sætin í hverjum flokki. Meðal styrktaraðila þetta árið eru; Ármenn, Flextec, Joakim's, Mistur, Valdemarsson, Veiðivon, Veiðikortið, Vesturöst og Tré-Smiði.

Í tengslum við Febrúarflugur verður opið hús í Árósum þann 27. febrúar kl. 14 - 16 í boði Ármanna þar sem gestum er boðið að líta við, hnýta flugur og kynnst starfi félagsins. Ármenn sem og aðrir áhugamenn um fluguveiði eru hvattir til að líta við.



 **WÜRTH**

Wurth á Íslandi ehf.
wurth@wurth.is
www.wurth.is
Sími: 530 2000

3 verslanir

Vesturhrauni 5
210 Garðabæ
Bildshöfða 16
110 Reykjavík
Freyjunesi 4
603 Akureyri

ARMENN
Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu

Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051
Ritstjórn og ábyrgð: Garðar Þór Magnússon og Eiríkur Stefánsson
Umboet: Dagur Jónsson. Prentun: Prentsmiðjan Guðjón Ó. www.armenn.is / armenn@armenn.is